



Ársreikningur 2024

Greiðsluveitan ehf.
Kalkofnsvegi 1
101 Reykjavík
kt. 680800-3240



Ársreikningur

2024

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðanda	2
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8-13

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Greiðsluveitunnar ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Greiðsluveitunnar ehf. („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samanburðarfrjárhæðir

Við vekjum athygli á að við höfum ekki endurskoðað efnahagsreikning 31. desember 2023, rekstrarreikning og sjóðsstreymi fyrir árið 2023 og skýringar sem varða framangreint. Þar af leiðandi gefum við ekki álit á þeim.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 19. mars 2025.

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginhlutverk Greiðsluveitunnar ehf. er að leiða samræmingu og framþróun fjármálainnviða fyrir greiðslumiðlun á Íslandi í umboði Seðlabanka Íslands.

- Greiðsluveitan sinnir hlutverki sínu einkum með því að hafa umsjón með þremur vettvöngum fyrir hönd Seðlabanka Íslands:
 - Framtíðarvettvangur - stefnumótun fyrir fjármálainnviði til lengri tíma og skoðun á samstarfi í einstökum verkefnum í greiðslumiðlun.
 - Greiðsluráð - umræðu- og upplýsingavettvangur um greiðslumiðlun og fjármálainnviði með hagaðilum greiðslumiðlunar.
 - Reglubókaráð - hefur umsjón með útgáfu og breytingu á reglubókum sem skilgreina réttindi og skyldur aðila að fjármálainnviðum og tryggja stöðlun og gagnsæi í rekstri fjármálainnviða í samræmi við alþjóðlegar reglur.
- Greiðsluveitan tekur þátt í verkefnum á sviði fjármálainnviða í umboði Seðlabanka Íslands og hefur verið falið að reka stefnumótandi verkefni á sviði greiðslumiðlunar, s.s.:
 - Hagkvæmnismat á notkun Target greiðsluþjónustum Seðlabanka Evrópu.
 - Útfærslu, þróun og innleiðingu á miðlægum innvið fyrir greiðslubeiðnir.

Hagnaður ársins nam um 13 milljónum króna. Eignir félagsins námu 969 milljónum króna í lok árs og eigið fé var 947 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall í lok árs var því um 98%. Hlutfé félagsins nam 20 milljónum króna í árslok og er það allt í eigu Seðlabankans. Varðandi nánari skýringar á einstökum liðum er vísað til ársreikningsins. Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 2,9 starfsmenn á árinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á eigin fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Reykjavík, 19. mars 2025

Stjórn

Vigdís Ósk Helgadóttir

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir

Axel Kristinsson

Framkvæmdastjóri

Sigríður Dís Guðjónsdóttir

Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2024

	Skýring	2024	2023
Rekstrartekjur	4	85.967.856	94.321.614
Aðrar tekjur	5	13.437.677	28.796.130
Rekstrartekjur samtals		99.405.533	123.117.744
Laun og launatengd gjöld	6	(59.801.280)	(65.592.704)
Annar rekstrarkostnaður	7	(87.197.340)	(30.212.735)
Rekstrargjöld samtals		(146.998.620)	(95.805.439)
Rekstrarniðurstaða		(47.593.087)	27.312.305
Fjármunatekjur	8	64.192.912	53.846.131
Fjármagnsgjöld	8	(22.665)	(241.367)
Hagnaður fyrir skatta		16.577.160	80.917.069
Tekjuskattur	9	(3.494.234)	(16.187.454)
Hagnaður ársins		13.082.926	64.729.615

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýring	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Fastafjármunir			
Eignarhlutur í félagi	10	200.000.000	200.000.000
Fastafjármunir samtals		200.000.000	200.000.000
Veltufjármunir			
Handbært fé	11	742.629.387	730.851.294
Viðskiptakröfur	12	8.927.937	17.071.462
Aðrar skammtímakröfur	13	17.372.881	15.280.760
Veltufjármunir samtals		768.930.205	763.203.516
Eignir samtals		968.930.205	963.203.516
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	14	20.000.000	20.000.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		108.240.000	108.240.000
Lögbundinn varasjóður		5.000.000	5.000.000
Óráðstafað eigið fé		814.252.561	801.169.635
Eigið fé samtals		947.492.561	934.409.635
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattskuldbinding	15	93.744	170.715
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		5.209.191	1.997.845
Ógreiddir reiknaðir skattar	15	3.571.205	10.598.654
Aðrar skammtímaskuldir	16	12.563.504	16.026.667
Skuldir samtals		21.437.644	28.793.881
Eigið fé og skuldir samtals		968.930.205	963.203.516

Sjóðstreymisýfirlit árið 2024

	2024	2023
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrar(tap)/hagnaður	(47.593.087)	27.312.305
Veltufé til rekstrar/frá rekstri án vaxta og skatta	(47.593.087)	27.312.305
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)	8.306.931	(8.887.794)
Skammtímaskuldir lækkun	(251.817)	(5.049.697)
Handbært fé til rekstrar/frá rekstri án vaxta og skatta	(39.537.973)	13.374.814
Innborgaðir vextir	61.937.425	47.777.725
Greiddir vextir	(22.665)	(241.367)
Handbært fé frá rekstri	11.778.093	60.911.172
Hækkun handbærs fjár á árinu	11.778.093	60.911.172
Handbært fé í upphafi árs	730.851.294	669.940.122
Handbært fé í lok árs	742.629.387	730.851.294

1. Upplýsingar um félagið

Greiðsluveitan er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Tilgangur félagsins er að leiða samræmingu og framþróun grunninnviða fyrir greiðslumiðlun á Íslandi í umboði Seðlabanka Íslands.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Greiðsluveitunnar ehf. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/2019. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Rekstrarhæfi

Stjórnendur félagsins hafa lagt mat á rekstrarhæfi félagsins og niðurstaða þeirra er að félagið hafi það sem til þarf til áframhaldandi rekstrar í fyrirsjáanlegri framtíð. Reikningsskilin byggja því á þeirri forsendu að ekki leiki vafi um áframhaldandi rekstrarhæfi.

3. Verulegt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Stjórnendur yfirfara reglulega mat og forsendur þess og breyta eftir því sem ástæða þykir til. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað.

Skýringar

4. Rekstrartekjur

	2024	2023
Framtíðarvettvangur	46.224.000	31.412.424
Greiðsluráð	25.919.856	13.824.002
Reglubókaráð	13.824.000	25.920.000
Útseld vinna	-	23.165.188
Rekstrartekjur samtals	85.967.856	94.321.614

5. Aðrar tekjur

Greiðsluveitan hlaut styrk frá Evrópusambandinu vegna þátttöku í samevrópsku tilraunaverkefni fyrir greiðslur með rafrænu auðkennaveski (EU Digital Wallet). Hluti styrksins hefur þegar fengist greiddur, um 200þús EUR á árinu 2023 og um 93þús EUR á árinu 2024. Tilraunaverkefnið stendur yfir í rúm tvö ár og hófst í apríl 2023. Þegar hefur fallið til nokkur kostnaður vegna verkefnisins en áætlað er að stærstur hluti kostnaðarins falli til á árinu 2025.

6. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
Laun	49.489.544	53.705.681
Lífeyrissjóður	7.376.508	8.039.603
Önnur launatengd gjöld	4.070.737	4.429.364
Breyting á áföllnu orlofi	(1.135.509)	(581.944)
Laun og launatengd gjöld samtals	59.801.280	65.592.704

Fjöldi ársverka	2,9	3,3
-----------------	-----	-----

7. Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Sérfræðikostnaður	67.915.056	14.327.170
Aðstöðugjöld	8.072.500	9.850.000
Skrifstofukostnaður	4.019.757	1.418.911
Ferðakostnaður	6.551.228	3.733.874
Annar rekstrarkostnaður	638.799	882.780
Annar rekstrarkostnaður samtals	87.197.340	30.212.735

Sérfræðikostnaður hækkar um tæpar 54 milljónir á milli ára sem rekja má til þriggja stórra verkefna, þ.e. NOBID sem er samevrópskt tilraunaverkefni þar sem Greiðsluveitan tekur þátt í þróun á greiðsluvirkni milli bankareikninga í evrópsku auðkennaveski (European Digital Identity Wallet), þróun og innleiðing á innlendri óháðri smágreiðslumiðlun og hagkvæmnismat fyrir notkun á Target greiðslukerfum Seðlabanka Evrópu, þ.e. TIPS og T2.v

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur af bankainnstæðum	64.095.604	53.808.897
Aðrar vaxtatekjur	97.308	37.234
Fjármunatekjur samtals	64.192.912	53.846.131
Vaxtagjöld	(2.646)	(241.367)
Gengistap	(20.019)	-
Fjármagnsgjöld samtals	(22.665)	(241.367)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	64.170.247	53.604.764

Skýringar

9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 3,5 m.kr. (2023: 16,2 m.kr.).

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2024		2023	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	16.577.160		80.917.069	
Skatthlutfall	(3.481.204)	21%	(16.183.414)	20%
Áhrif breytinga á skatthlutfalli	(8.536)		-	
Aðrir liðir	(4.494)		(4.040)	
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	(3.494.234)		(16.187.454)	

10. Eignarhlutur í félagi

Eignarhlutur í félagi samanstendur af 8.795.075 hlutum í Reiknistofu bankanna hf. (RB) sem samsvarar 7,33% af heildarhlutafé RB. Eignarhluturinn er færður á kostnaðarverði, 200 m.kr.

Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur kemur til af skattalegum niðurfærslum viðskiptakrafna.

11. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af bankainnstæðum. Stærstur hluti af bankainnstæðum félagsins eru hjá Seðlabanka Íslands, eiganda Greiðsluveitunnar ehf. Sjá nánar í skýringu 17.

12. Viðskiptakröfur

	31.12.2024	31.12.2023
Kröfur á tengd félög	7.544.160	15.598.495
Kröfur á aðra innlenda aðila	1.383.777	1.472.967
Staða í árslok	8.927.937	17.071.462

13. Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2024	31.12.2023
Fyrirframgreiddur kostnaður	3.271.251	1.606.419
Fjármagnstekjuskattur	14.101.630	11.846.143
Staða í árslok	17.372.881	15.280.760

Skýringar

14. Eiginfjárfirlit

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðastafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2023	20.000.000	108.240.000	5.000.000	736.440.020	869.680.020
Hagnaður ársins 2023				64.729.615	64.729.615
Eigið fé 31. desember 2023	20.000.000	108.240.000	5.000.000	801.169.635	934.409.635
Hagnaður ársins 2024				13.082.926	13.082.926
Eigið fé 31. desember 2024	20.000.000	108.240.000	5.000.000	814.252.561	947.492.561

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 20 m.kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt.

Samkvæmt lögum um einkahlutfélög skal leggja hluta af hagnaði ársins sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði í varasjóð þar til hann nemur fjórðungi hlutfjárins.

15. Skattskuldbinding

	Skuldbinding
Skatteign 1. janúar 2023	(5.418.085)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2023	16.187.454
Tekjuskattur til greiðslu 2023	(10.598.654)
Staða 31. desember 2023	170.715
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2024	3.494.234
Tekjuskattur til greiðslu 2024	(3.571.205)
Staða 31. desember 2024	93.744

Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur kemur til af skattalegum niðurfærslum viðskiptakrafna.

16. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2024	31.12.2023
Skuld við tengd félög	2.455.868	1.887.193
Virðisaukaskattur	1.232.326	2.050.839
Ógreidd laun og launatengd gjöld	8.875.310	12.088.635
Staða í árslok	12.563.504	16.026.667

Skýringar

17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við Seðlabanka Íslands	2024	2023
Keypt aðstaða	(8.072.500)	(9.850.000)
Keypt þjónusta	(31.171.480)	(12.579.284)
Seld þjónusta	73.008.000	81.361.650
Vaxtatekjur	63.730.402	53.486.726
Samtals	97.494.422	112.419.092

Stöður við Seðlabanka Íslands	31.12.2024	31.12.2023
Bankainnstæður	737.054.559	724.985.154
Kröfur	7.544.160	15.598.495
Skuldir	(2.455.868)	(1.887.193)
Staða í árslok	742.142.851	738.696.456

18. Atburðir eftir reikningsskiladag

Í hluthafasamningi vegna Reiknistofu bankanna hf. er þess getið að eignarhald Greiðsluveitunnar sé tímabundið og miðist við að markiðum Seðlabanka Íslands um aðkomu að félaginu sé náð. Í samræmi við ákvörðun eiganda félagsins tilkynnti framkvæmdastjóri Greiðsluveitunnar hluthöfum Reiknistofu bankanna hf., þann 12. mars síðastliðinn, að markmiðum bankans hefði verið náð og félagið hefði 12 mánaða frest til að kaupa hlut Greiðsluveitunnar í félaginu. Kaupverð miðast við bókfært innra virði eigin fjár félagsins.

19. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 21%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Eignarhlutur í félagi

Eignarhlutur í félögum, þar sem félagið á minna en 20% hlutafjár, eru færðir á kostnaðarverði. Arður frá þessum félögum er færður til tekna meðal fjármagnstekna þegar honum er úthlutað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Fullgild rafræn undirskrift

Axel Kristinsson

21.03.2025 16:14

Fullgild rafræn undirskrift

Hrafnhildur Helgadóttir

24.03.2025 9:36

Fullgild rafræn undirskrift

Sigríður Dís Guðjónsdóttir

25.03.2025 11:00

Fullgild rafræn undirskrift

Vigdís Ósk Helgadóttir

28.03.2025 13:20

Fullgild rafræn undirskrift

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir

01.04.2025 11:10